

Tækni- og verkfræðideild

Náms- og framvindureglur um diplománám í iðnfræði og BSc í byggingafræði

Reglur um inntöku nemenda, prófkröfur, endurtöku prófa, námsframvindu, forsetalista o.fl.

Reglur þessar byggja á almennum náms- og prófareglum Háskólans í Reykjavík sem og reglugerð fyrir Háskólann í Reykjavík. Að öðru leyti en hér kemur fram er vísað til þeirra reglna. Vakin er athygli á því að nemendur bera sjálfir ábyrgð á að haga námi sínu í samræmi við þessar reglur.

Reglur þessar skiptast í 3 hluta:

[A: Náms- og framvindureglur í byggingar-, vél- og rafiðnfræði \(fyrst samþykktar 25. október 2005\)](#)

[B: Náms- og framvindureglur í rekstrariðnfræði \(viðbót við reglur um iðnfræði frá 25. október 2005\)](#)

[C: Náms- og framvindureglur í byggingafræði BSc \(viðbót við reglur um iðnfræði frá 25. október 2005\)](#)

A: Náms- og framvindureglur í byggingar-, vél- og rafiðnfræði

1. Inntaka nemenda

1.1. Bókleg inntökuskilyrði eru burtfararpróf í iðngrein (eða sambærilegt) auk einnar annar undirbúningsnám á frumgreinasviði HR eða sambærilegt frá viðurkenndum framhaldsskóla. Þeir sem lokið hafa iðnmeistaraprófi eða stúdentsprófi sleppa undirbúningsnáminu.

1.2. Verklegr inntökuskilyrði eru sveinspróf eða tilsvarendi verkleg starfsreynsla í iðngrein. Til að útskrifast með starfsheitið iðnfræðingur þarf nemandi að hafa lokið sveinsprófi í viðeigandi iðngrein og uppfyllir nemandinn þá öll skilyrði til að hljóta meistararéttindi í iðngreininni.

1.3. Tækni- og verkfræðideild setur viðmiðunarreglur um val á umsækjendum við inntöku í námið.

2. Mat á fyrra námi

2.1. Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrra háskólanám sitt metið sækir um það til deildarfulltrúa á þar til gerðu eyðublaði.

2.2. Námskeið sem tekið hefur verið í öðrum háskóla er metið til eininga við Háskólann í Reykjavík og skráð á námsferil sem metið (M) ef um er að ræða sambærilegt námskeið frá viðurkenndum háskóla, enda hafi nemandi staðist lágmarkskröfur viðkomandi háskóla. Til að geta útskrifast úr HR skal þó almennt miða við að nemandi hafi tekið a.m.k. 50% af heildareiningafjölda viðkomandi námsbrautar við HR.

2.3. Mat námskeiða frá öðrum háskólum skal vera í höndum námsmatsnefndar.

2.4. Við mat á fyrra námi gildir almennt að námskeið eldri en 7 ára eru ekki metin.

3. Lágmarkseinkunn og fjöldi eininga á önn

3.1. Til að standast námskeið þarf nemandi að fá einkunn 5,0 eða hærrí.

3.2. Nemandi getur sjálfur skráð sig í að hámarki 24 ECTS einingar á önn. Ef nemandi vill taka fleiri námskeið á önn þarf hann að sækja um það til deildarfulltrúa.

4. Endurtekning prófa

4.1. Ef nemandi stenst ekki endurtektar- eða sjúkrapróf sem hann þreytir ber honum að sitja námskeiðið að nýju áður en hann þreytir aftur próf í því, sjá Almennar náms- og prófareglur HR.

4.2. Nemanda er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu námskeiði fjórum sinnum. Ef nemandi sem stenst ekki próf sem hann þreytir í fjórða sinn vill halda áfram námi ber honum að sækja um endurinnritun. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.

4.3. Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir að endurtaka prófið. Í þeim tilvikum gildir einkunn úr seinna prófinu.

4.4. Deildarfulltrúi og nemendabókhald hafa eftirlit með rétti nemenda til að endurtaka próf.

5. Námsáætlun

5.1. Nám í byggingar-, vél- eða rafiðnfræði er 90 ECTS einingar og miðast skipulag þess við að námsframvinda sé 12-18 ECTS einingar á önn. Lokaverkefni í iðnfræði er 12 ECTS einingar. Kennsluskrá og yfirlit yfir skipulag námsins er birt á vef tækni- og verkfræðideildar. Samþykktar námsáætlanir fyrir hverja námsbraut eru birtar á vef tækni- og verkfræðideildar. Reglur um lokaverkefni eru birtar á vef tækni- og verkfræðideildar.

5.2. Nemendum er bent á mikilvægi þess að kynna sér kröfur um undanfara áður en þeir skrá sig í námskeið.

6. Námsframvinda

6.1. Nemandi skal ljúka námi sínu innan 5 ára. Ef námi er ekki lokið 5 árum eftir að nemandi innritaðist ber nemanda að sækja um endurinnritun ef hann vill halda áfram námi og tekur ný innritun mið af gildandi námsskrá hverju sinni. Við endurinnritun heldur nemandi einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.

6.2. Til að mega vinna lokaverkefni í iðnfræði þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 66 ECTS einingum þ.e. hann má að hámarki taka 12 ECTS einingar í námskeiðum samhliða lokaverkefni.

6.3. Nemandi getur sótt um að gera hlé á námi sínu eða að stunda nám samkvæmt sérstakri áætlun sem vikur frá ofangreindu. Umsóknin, ásamt áætlun um námsframvindu til námsloka, skal send til deildarfulltrúa, studd viðeigandi gögnum. Gildar ástæður fyrir námshléi eða hægferð í námi eru t.d. barnsburður eða veikindi. Námsmatsnefnd metur umsóknir um námshlé, hægferð eða önnur frávik.

6.4. Deildarfulltrúi hefur eftirlit með námsframvindu nemenda.

7. Skiptinám

7.1. Nemandi sem vill fá heil misseri í skiptinámi metin að fullu þarf að leggja fram áætlun fyrir skiptinámið til deildarfulltrúa og fá áætlun sína samþykkt áður en skiptinámið hefst. Skiptinám er skráð á námsferil sem metið (M).

7.2. Vísað er til greinar 2.2 að ofan varðandi mat á einstökum námskeiðum.

8. Forsetalisti

8.1 Þeir nemendur í grunnnámi sem bestum árangri ná á hverju próftímabili eiga þess kost að komast á forsetalista tækni- og verkfræðideildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld. Nemendur sem stunda hlutanám með vinnu s.s. í iðnfræði og byggingafræði eru einungis gjaldgengir á forsetalista einu sinni á ári og að loknum hverjum 30 ECTS einingum hið minnsta.

Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. sjúkrapróf gilda en endurtektarpróf ekki.

9. Annað

9.1. Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geta sótt um að skila verkefnum, taka próf o.þ.h. á ensku.

9.2. Undanþágur frá reglum þessum eru aðeins veittar með samþykki námsmatsnefndar. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til deildarfulltrúa, studdar viðeigandi gögnum.

[Til baka](#)

B: Náms- og framvindureglur í rekstrariðnfræði

1. Inntaka nemenda

1.1. Inntökuskilyrði er diplómapróf í byggingar-, vél- eða rafiðnfræði.

1.2. Tækni- og verkfræðideild setur viðmiðunarreglur um val á umsækjendum við inntöku í námið.

2. Mat á fyrra námi

2.1. Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrra háskólanám sitt metið sækir um það til deildarfulltrúa á þar til gerðu eyðublaði.

2.2. Námskeið sem tekið hefur verið í öðrum háskóla er metið til eininga við Háskólann í Reykjavík og skráð á námsferil sem metið (M) ef um er að ræða sambærilegt námskeið frá viðurkenndum háskóla, enda hafi nemandi staðist lágmarkskröfur viðkomandi háskóla. Til að geta útskrifast úr HR skal þó almennt miða við að nemandi hafi tekið a.m.k. 50% af heildareiningafjölda viðkomandi námsbrautar við HR.

2.3. Mat námskeiða frá öðrum háskólum skal vera í höndum námsmatsnefndar.

2.4. Við mat á fyrra námi gildir almennt að námskeið eldri en 7 ára eru ekki metin.

3. Lágmarkseinkunn og fjöldi eininga á önn

3.1. Til að standast námskeið þarf nemandi að fá einkunn 5,0 eða hærrí.

3.2. Diplomanám í rekstrariðnfæði er 30 ECTS einingar og getur nemandi að hámarki tekið 18 ECTS einingar á önn. Kennsluskrá og yfirlit yfir skipulag námsins er birt á vef tækni- og verkfræðideildar. Samþykktar námsáætlanir eru birtar á vef tækni- og verkfræðideildar.

4. Endurtekning prófa

4.1. Ef nemandi stenst ekki endurtektar- eða sjúkrapróf sem hann þreytir ber honum að sitja námskeiðið að nýju áður en hann þreytir aftur próf í því, sjá Almennar náms- og prófareglur HR.

4.2. Nemanda er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu námskeiði fjórum sinnum. Ef nemandi sem stenst ekki próf sem hann þreytir í fjórða sinn vill halda áfram námi ber honum að sækja um endurinnritun. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.

4.3. Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir að endurtaka prófið. Í þeim tilvikum gildir einkunn úr seinna prófinu.

4.4. Deildarfulltrúi og nemendabókhald hafa eftirlit með rétti nemenda til að endurtaka próf.

5. Námsframvinda

5.1. Nemandi skal ljúka námi sínu innan 2 ára. Ef námi er ekki lokið 2 árum eftir að nemandi innritaðist ber nemanda að sækja um endurinnritun ef hann vill halda áfram námi og tekur ný innritun mið af gildandi námsskrá hverju sinni. Við endurinnritun heldur nemandi einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.

5.2. Deildarfulltrúi hefur eftirlit með námsframvindu nemenda.

6. Annað

6.1. Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geta sótt um að skila verkefnum, taka próf o.þ.h. á ensku.

6.2. Undanþágur frá reglum þessum eru aðeins veittar með samþykki námsmatsnefndar. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til deildarfulltrúa, studdar viðeigandi gögnum.

[Til baka](#)

C: Náms- og framvindureglur í byggingafræði BSc

Fyrstu 90 ECTS einingar af 210 ECTS eininga námi í byggingafræði felast í því að ljúka diplomanámi í byggingariðnfæði, sjá [A: Náms- og framvindureglur í byggingar-, vél- og rafíðnfæði](#). Eftirfarandi reglur eiga við um þann hluta námsins sem er 120 ECTS að loknu diplomanámi í byggingariðnfæði.

1. Inntaka nemenda

1.1. Þeir sem lokið hafa 90 ECTS eininga diplomaprófi í byggingariðnfærði og hafa jafnframt lokið sveinsprófi uppfylla skilyrði til að halda áfram námi til 210 ECTS eininga BSc prófs í byggingafræði.

1.2. Tækni- og verkfræðideild setur viðmiðunarreglur um val á umsækjendum við inntöku í námið.

2. Mat á fyrra námi

2.1. Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrra háskólanám sitt metið sækir um það til deildarfulltrúa á þar til gerðu eyðublaði.

2.2. Námskeið sem tekið hefur verið í öðrum háskóla er metið til eininga við Háskólann í Reykjavík og skráð á námsferil sem metið (M) ef um er að ræða sambærilegt námskeið frá viðurkenndum háskóla, enda hafi nemandi staðist lágmarkskröfur viðkomandi háskóla. Til að geta útskrifast úr HR skal þó almennt miða við að nemandi hafi tekið a.m.k. 50% af heildareiningafjölda viðkomandi námsbrautar við HR.

2.3. Mat námskeiða frá öðrum háskólum skal vera í höndum námsmatsnefndar.

2.4. Við mat á fyrra námi gildir almennt að námskeið eldri en 7 ára eru ekki metin.

3. Lágmarkseinkunn og fjöldi eininga á önn

3.1. Til að standast námskeið þarf nemandi að fá einkunn 5,0 eða hærri.

3.2. Nemandi getur sjálfur skráð sig í að hámarki 15 ECTS einingar á önn. Ef nemandi vill taka fleiri námskeið á önn þarf hann að sækja um það til deildarfulltrúa.

4. Endurtekning prófa

4.1. Ef nemandi stenst ekki endurtekta- eða sjúkrapróf sem hann þreytir ber honum að sitja námskeiðið að nýju áður en hann þreytir aftur próf í því, sjá Almennar náms- og prófareglur HR.

4.2. Nemanda er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu námskeiði fjórum sinnum. Ef nemandi sem stenst ekki próf sem hann þreytir í fjórða sinn vill halda áfram námi ber honum að sækja um endurinnritun. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri.

4.3. Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir að endurtaka prófið. Í þeim tilvikum gildir einkunn úr seinna prófinu.

4.4. Deildarfulltrúi og nemendabókhald hafa eftirlit með rétti nemenda til að endurtaka próf.

5. Námsáætlun og lokaverkefni

5.1. Nám í byggingafræði er 210 ECTS einingar; 120 ECTS einingar að loknu 90 ECTS eininga diplomanámi í byggingariðnfærði. Námið byggist á skipulagðri hópvinnu, starfsþjálfun, lokaritgerð og lokaverkefni. Kennsluskrá og yfirlit yfir skipulag námsins er birt á vef tækni- og verkfræðideildar. Samþykktar námsáætlanir fyrir hverja námsbraut eru birtar á vef tækni- og verkfræðideildar. Reglur um starfsþjálfun, lokaritgerð og lokaverkefni eru birtar á vef tækni- og verkfræðideildar.

5.2. Nemendum er bent á mikilvægi þess að kynna sér kröfur um undanfara áður en þeir skrá sig í námskeið.

6. Námsframvinda

6.1. Nemandi skal ljúka námi sínu innan 5 ára. Ef námi er ekki lokið 5 árum eftir að nemandi innritaðist ber honum að sækja um endurinnritun ef hann vill halda áfram námi og tekur ný innritun mið af gildandi námsskrá hverju sinni. Við endurinnritun heldur nemandi einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.

6.2. Námi í byggingafræði er einungis hægt að stunda með því að fylgja samþykktri námsáætlun og ljúka a.m.k. 15 ECTS eininga hópverkefni á hverri önn þar til kemur að starfsþjálfunarmisseri. Til að hefja starfsþjálfun og vinnu við lokaritgerð þarf nemandi að hafa lokið 165 ECTS einingum. Til að hefja vinnu við lokaverkefni þarf nemandi að hafa lokið 190 ECTS einingum.

6.3. Nemandi getur sótt um að gera hlé á námi sínu eða að stunda nám samkvæmt sérstakri áætlun sem vikur frá ofangreindu. Umsóknin, ásamt áætlun um námsframvindu til námsloka, skal send til deildarfulltrúa, studd viðeigandi gögnum. Gildar ástæður fyrir námshléi eða hægferð í námi eru t.d. barnsburður eða veikindi. Námsmatsnefnd metur umsóknir um námshlé, hægferð eða önnur frávik.

6.4. Deildarfulltrúi hefur eftirlit með námsframvindu nemenda.

7. Skiptinám

7.1. Nemandi sem vill fá heil misseri í skiptinámi metin að fullu þarf að leggja fram áætlun fyrir skiptinámið til deildarfulltrúa og fá áætlun sína samþykkt áður en skiptinámið hefst. Skiptinám er skráð á námsferil sem metið (M).

7.2. Vísað er til greinar 2.2 að ofan varðandi mat á einstökum námskeiðum.

8. Forsetalisti

8.1. Þeir nemendur í grunnnámi sem bestum árangri ná á hverju próftímabili eiga þess kost að komast á forsetalista tækni- og verkfræðideildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld. Nemendur sem stunda hlutanám með vinnu s.s. í iðnfræði og byggingafræði eru einungis gjaldgengir á forsetalista einu sinni á ári og að loknum hverjum 30 ECTS einingum hið minnsta.

Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. sjúkrapróf gilda en endurtektarpróf ekki.

9. Annað

9.1. Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geta sótt um að skila verkefnum, taka próf o.þ.h. á ensku.

9.2. Undanþágur frá reglum þessum eru aðeins veittar með samþykki námsmatsnefndar. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til deildarfulltrúa, studdar viðeigandi gögnum.

[Til baka](#)

Gildistaka:

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Reglur þessar gilda fyrir nemendur sem innrituðust í Háskólann í Reykjavík 1. júlí 2005 eða síðar.

Þannig samþykkt á fundi deildarráðs þann 25.október 2005.

Þannig samþykkt, með áorðnum breytingum, á fundi deildarráðs tækni- og verkfræðideildar HR 17. desember 2008.